

279. fundur

Þriðjudaginn 4. febrúar 2020, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 1. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Friðrik Már Baldursson, formaður, Guðrún Lárusdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Jóhanna Hreinsdóttir, Margrét Gísladóttir, Pálmi Vilhjálmsson og Ragnar Árnason. Í síma var Hálfðán Óskarsson. Þá sat Arnar Freyr Einarsson einnig fundinn.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð.

Lögð fyrir í tölvupósti. Samþykkt.

2. Fundaáætlun.

Ákveðið að boðað verði til fundar að minnsta kosti ársfjórðungslega. Fundir verða haldnir í annari viku hvers mánaðar þegar verðlagsgrundvöllur kúabús er uppfærður, þ.e. mars, júní, september og desember. Metið verður hverju sinni hvort fundir verði haldnir á milli fastra funda.

3. Verklagsreglur.

Drög að verklagsreglum lögð fram. Verklagsreglurnar draga fram meginatriði IV. kafla búvörulaga nr. 99/1993 um hlutverk og verkefni nefndarinnar auk verklags við verðákvarðanir og annarra verkefna. Umræður um hvort æskilegt væri að einfalda verklagsreglurnar enn frekar og að það væri í höndum sitjandi nefndar hvers tíma að ákveða hvort breytinga væri þörf. Verklagsreglurnar voru að samþykktar. Einn nefndarmaður, Ragnar Árnason, taldi verklagsreglur í þessari mynd óþarfar og e.t.v. skaðlegar og sat hjá.

4. Endurskoðun verðlagsgrundvallar.

Lögð fram drög að formlegu erindi verðlagsnefndar til Hagstofu Íslands um ósk um samstarf um gagnaöflun og gerð nýs verðlagsgrundvallar kúabús. Verðlagsgrundvöllinum er skv. búvörulögum ætlað að endurspegla rekstur kúabús af hagkvæmri stærð. Talsverðar breytingar hafa orðið á slíkum rekstri sl. 20 ár eða frá því að núgildandi verðlagsgrundvöllur var settur upp. Verðlagsgrundvöllur er helsta gagn nefndarinnar við verðákvarðanir og hefur á þessum tíma tekið litlum breytingum. Í 11. gr. búvörulaga nr. 99/1993, er kveðið á um að verðlagsnefnd geti stofnað til sérstakra rannsókna í því skyni að fá betri upplýsingar um þau atriði sem máli skipta fyrir verðlagningu. Á fyrri stigum hefur nefndin fengið gögn frá Hagstofu fyrir uppfærslu verðlagsgrundvallar. Skv. minnisblaði frá Sveini Agnarssyni til nefndarinnar er talin þörf á enn frekari gagnavinnslu og -söfnun eigi að ráðast í breytingar. Samþykkt að fylgja málinu eftir og senda erindið.

5. Verð á landbúnaðarhráefnum til matvælaframleiðslu

Lagt fram erindi Samtaka Iðnaðarins um leiðir til að jafna samkeppnishæfni innlands landbúnaðarhráefnis til matvælaframleiðslu. Í erindinu er sérstaklega vikið að mjólkurdufti og smjöri til iðnaðarframleiðslu. Umræður um málið. Ákveðið að þrír fulltrúar nefndarinnar skoði málið ítarlega frá öllum hliðum á milli funda og verði tekið aftur fyrir.

6. Erindi um hlutverk, störf og gögn nefndarinnar

Dagskrárlið frestað til næsta fundar.

7. Önnur mál.

Ekki komu fram önnur mál.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:00.

Friðrik Már Baldursson

Arnar Freyr Einarsson